

Reykjavík, 05. 01 2012

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, þingskjal 438 - 362. mál.

1. Í 7. gr. er meðal annars fjallað um símhlustun sem er í höndum tiltekinna starfsmanna fjarskiptafyrirtækja sem hlotið hafi til þess öryggisvottun. Neyðarlínan bendir á að umrædd símhlustun getur hún framkvæmt fyrir öll fjarskiptafyrirtækin. Tækni er að miklu leiti þegar til staðar, það er hæft starfsfólk til staðar og þjálfað á sambærilegu sviði. Því er tiltölulega einfalt að breyta fyrirkomulagi þannig að í stað þess að fjarskiptafyrirtækin sinni símhlustun þá sjái Neyðarlínan um það. Hún sjá jafnframt um varðveislu gagna eftir því sem við á annað sem varða framkvæmdina.
2. Í 6. grein er vísað til áforma um áframhaldandi starfsemi fjarskiptasjóðs og fjármögnun hans. Neyðarlínan væntir þess að fjarskiptasjóður komi á næstu árum að fjármögnun verkefna sem Neyðarlínan hefur sinnt að undanförmu sem varða uppbyggingu fjarskiptaaðstöðu sem ekki eru markaðslegar forsendur fyrir svo sem á fjöllum og utan alfaraleiða en þar sem mikið er um ferðamenn.
3. Í frumvarpinu eru lögð til hækkun rekstrargjalds til að standa straum af kostnaði vegna CERT-ÍS auk þess leyfisgjöld vegna tíðninkunar Neyðarlínunnar hafa hækkað talsvert á undanförmum árum. Ljóst er að sá kostnaður mun bætast við þjónustugjald fyrir þá fjarskiptaþjónustu sem Neyðarlínan veitir. Sú þjónusta er að stærstum hluta greidd af fjárlögum beint eða af opinberum eða hálfopinberum aðilum sem munu því á endanum bera þennan kostnaðarauka.
4. Í 8. grein er fjallað um stofnun CERT-ÍS. Í skýringum við þessa grein kemur fram að umfang muni í upphafi takmarkast við „netþjónustu“ fjarskiptafyrirtækja og má af því skilja að seinna muni starfsemin ná til annarrar fjarskiptaþjónustu. Við þetta er tvennt að athuga. Annars vegar er óeðlilegt að gjald til þessa sé tekið af fyrirtækjum sem ekki veita almenna netþjónustu sbr. Neyðarlínuna og hins vegar er eðlilegt að gerð sé grein fyrir framtíðaráforum sérstaklega varðandi aðra fjarskiptaþjónustu en netþjónustu og hvers vegna hún er undanskilin í upphafi.